

21/1 58.

Vesturlandsumdæmi.

STARFSKYRSLA

1957

Daníel Kristjánsson,
skógarvörður.

STARFSKYRSLA

Skógarvarðarins á Vesturlandi, 1957.

1. Girðingar:

Á vegum Skógræktar ríkisins var endurbætt girðingin að Hvammi í Döllum. Girt ný girðing 900 m. með sex-þættum gaddavír. Áður hafði verið treyst á gljúfur á þessum stað, en reynslan sýndi að slíkt var ófært. Þá var að miklu leyti girtur að nýju kafli, 1 km., sem var gömul girðing.

Ennfremur var girðingin frá 1951 endurbætt lítið eitt, þar sem aluminium vír hafði verið notaður, en hann reyndist alónýtur, og þyrfti meiri aðgerða þar, en tími vannst ekki til þess í sumar.

Aðrar endurbætur á girðingum voru litlar að þessu sinni, en nú eru Sauðhússkógargirðing og Jörðagirðing að verða ónýtar. Um Sauðhússkógargirðingu virðist ekki liggja annað fyrir en fjarlægja hana, því allmikil fyrirhöfn og aukakostnaður hlýzt af smölun á landinu, sem er mjög erfitt yfirferðar sökum fúakeldna og bleytu, og ennfremur reynist girðingarstaðið meðfram Glúfurá þar sem gamla girðingin er, með öllu ófært, því áin fer í jakaflóðum yfir allt á þessum slóðum. Jörðagirðing í Kolbeinsstaðahreppi er mjög úr sér gengin og í sumar voru mikil brögð að því að sauðfé kæmist í hana. Verður þegar á næsta vori að gera ráðstæfanir um þá girðingu. Þá er Búðahreunsgirðing Skógrækt ríkisins til vansæmdar, og er illt til þess að vita að fórnar miklum fjármunum til slíkra framkvæmda, en vera svo ofurliði borinn af skilningslausum æfintýramönnum eins og Ásgeiri frá Fróðá, um skynsamlegar úrbætur í því máli, og vænti ég þess að nú þegar fáiast skilyrðislaus réttur skógræktarinnar til

ráðstöfunar í sambandi við Búðahreunsgirðingu, því hugfast ber að hafa þá staðreynd, að allt sem aflaga fer um eignir og mannvirki skógræktarinnar er stafsmönnunum kennt, enda þótt þeir eigi enga sök þar á, en slík áföll torvelða framtíðarstarfið og veikja traust á skógræktinni og starfsliði hennar, á meðal almennings.

Gróðursetning:

Á vegum skógræktarinnar voru gróðursettar plöntur á s.l. vori, sem hér greinir:

Braatenslundur, Stálpastöðum :	Skógarfura 2/2 10000	Rauðgreni N.Helgol. 3050 2/2	Blágreni Colorado 1000 2/2	Sitkagr. M-Lead 2550 2/2	Bergf. norsk 5000	Kont.f. 3/0 2200
-----------------------------------	----------------------------	------------------------------------	----------------------------------	--------------------------------	-------------------------	------------------------

Sami, haustplöntun:	Hvítgreni Granata 2/2 2400	Rauðgreni Bindal 2/2 4000	Bastarður 2/2 4000	Sitka 2/2 7000	Fjallapöll Mac-Lead 500
		A-fjord 2/2 4000			

Háafellsreitur:	Rauðgreni N.Helgol. 400	Sitkagreni Mac-Lead 800
-----------------	-------------------------------	-------------------------------

Hvammur í Skorraðal, land Hauks Thors :	Skógarfura 1000	Kontorta- fura 3/0 5+ 1000	Blágreni Colorado 2/2 1000	Bergfura norsk 3/0 1350	1000
--	--------------------	----------------------------------	-------------------------------------	-------------------------------	------

Jafnaskarðsskógur:	N-innl. Troms. Skógarf. 1500	Gráelri 500	Kont.fura 3/0 500	Bastarður 250
--------------------	------------------------------------	----------------	-------------------------	------------------

Umhverfis græðir. í Norðtunguskógi:	3/0 5100	Rauðgreni 150	2/2 2455	Birki 3/0 1000
--	-------------	------------------	-------------	-------------------

Plöntun er því sem hér greinir:

Stálpastaðir (Braathenslundur)	46.600
Hvammur (land Hauks Thors)	5.350
Norðtunguskógur (umhverfis græðireit)	8.705
Héafellsreitur	1.200
Jafnaskarðsgirðing	<u>2.750</u>

Alls tala plantna: 64.605

Græðireitur:

Eftirstöðvar úr græðireitnum við Hreðavatn voru teknar í vor, og reyndust það 20.000 skógarfurur, þær fóru í ýmsa staði. Ennfremur voru teknar þaðan til dreyfingar í Norðtungugræðireit 8000 furuplöntur.

Úr Norðtungugræðireit komu um 10.000 plöntur alls, og voru þær settar umhverfis reitinn, og er gerð grein fyrir því í næsta lið á undan. Í vor var græðireiturinn stækkaður og var dreyf-plantað eftirgreindum plöntum:

Brodd og Blágreini (<i>Sapinero</i>).....	34.246
Sitkagreini (Mac Leod)	34.838
Sitkagreini (Sweard)	10.485
Kontoraafura (<i>Shagwag</i>)	29.800
Skógarfura (Troms strönd) ^{2/2}	21.446
Skógarfura (S. Salten)	9.050
Skógarfura (Troms lóðar) ^{2/0}	9.345
Skógarfura (Troms innland)	8.000
Lerki úr Norðtungugræðireit ^{2/0} ..	1.785
Birki	1.233
Ímislegt (sitkagr.-rauðgr.afgang)	<u>1.000</u>

Samtals 161.233

Af þessum plöntum komu 149.195 frá Tumastöðum, en 12.038 voru heimafengnar. Lögð var 300 m. vatnsleiðsa í reitinn, og notuð mótordæla, ennfremur dreyfarar til að vökva beðin. Þegar er fullunnið og að mestu íborið land fyrir ca. 200.000 plöntur.

Úr reitnum er hægt að taka 7 - 10 þús. plöntur næsta vor ef þörf gerist, en best væri að þær stæðu eitt ár í viðbót.

Handwritten notes:
 summi sambl. af frumum 9 Ma
 21 1166
 9 50
 12 245
 31 838
 10 45
 45

Nauðsynlega vantar lítinn geymsluskúr við reitinn.

Ræktun er hafin á 700 m², og er nauðsyn að sá og bera í landið í vor.

Skógarhögg:

Á Stálpestöðum var grisjað mikið, og unnið verður að grisjun þar síðla í vetur, ef fært reynist sökum snjóá. Í Jafneskarösskógi var grisjað lítið eitt, og verður gert í vetur ef fært verður.

Þá var grisjað í girðingu Hauks Thors, í Hvammi. Það er ótrúlega tímafrekt starf að höggva kjarr, og ryðja því síðan burt.

Ennfremur í Norðtunguskógi, á vegum Kaupfél. Borgfirðinga.

Laufgun - fræfall:

Skógur laufgaðist 28 maí, en lauffall var frá 20.-30. sept. Fræár var lélegt um vesturland.

Tíðarfar og vöxtur:

Frá áramótum var vetur harður og óvanaleg snjóþyngslí á láglandi suðvestanlands, en jörð klakalítill. Héldust harðindi og fannkoma til marzloka, en þá fór veður að mildast og komu þíðviðri.

Jarðyrkjustörf voru hafin í byrjun maí, jörð þá klakalaus að kalla. Í maí gerði kulðakast, allverulegt, og dró það úr gróðri. Var ekki hægt að byrja gróðursetningu trjáplantna fyrr en eftir 20. maí, og var þó kelt. Fyrri hluti júní mánaðar var hagstæður gróðri, en þó full miklir þurrkar síðari hluta hans, og ollu þeir kyrrstöðu á vexti og jafnvel skemmdum á smáplöntum.

Júlí, ágúst og september mán. verða áreiðanlega í minnum allra núlifandi Íslendinga sem dæmi um það bezta tíðarfar er vænta má að geti komið á Íslandi. Síðast í október gerði eitt mesta harðindakast er komið hefur um margra ára skeið. Hófust harðindin með aftaka

snjókomu 24. okt. ásamt frosti og stormi, og hélzt óbreytt í nálega 3 vikur. Voru vegir tepptir sökum snjóa.

Í nóv. gerði góða tíð, og hélzt hún fram til des., en þá brá til umhleyppinga og mikillar snjókomu. Jörð er mjög klakalítill og spáir það góðu um komandi vor.

Vöxtur barrtrjáa var jafn og allgóður í sumar, mældust sprotar á sitkagreni í skógum, yfir 20 cm, á skógarfuru lítið eitt minna.

Enn sjást merki eftir saltveðrið mikla er gekk yfir landið í júní 1956. Eru birkikjörri á móti suðvestri svört yfir að sjá, og sýnilegt að á sumum stöðum sé kjarr eyðilagt, einkum lágvaxna kjarrið.

Staðarföllsskógur í Dölum er verst farinn af öllu kjarri sem ég hef séð, var það síðast í júní svart yfir að líta.

Ber uxu lítið í Borgarfirði, að undanskildum bláberjum á stöku stað, en lítið. Krækiber og aðalbláber sáust varla, en töluvert af jarðarberjum. Í Dalasýslu uxu ber víða með eðlilegum hætti.

Ferðalög og störf:

Ég var 210 daga fjarverandi við vinnu og vegna ýmissa erinda fyrir skógræktina. Hægt er að vísa til fyrri skýrslna um störf mín, þau eru mjög margþætt. Ótrúlegur tími fer til að ráða fólk í vinnu sjá um alla aðrætti handa matarfélagum og allt reikningshald þar að lútandi. Uppgjör er oft miklum erfiðleikum bundið, þar sem margir vinna fáa daga en eru langt í burtu. Kröfur á hendur okkur, sem önnumst vinnu, aukast árlega. Ég svaraði fjölda fyrirspurna bréflega, munnlega og í síma, skrifaði mörg bréf, leiðbeindi fólk um skógrækt o.fl. í sambandi við þau mál.

Hef á hendi framkvæmdastjórn og reikningshald Skógræktarfélag. Borgarfjarðar, allar skógræktarframkvæmdir ásamt reikningshaldi fyrir Kaupfélag. Borgfirðinga, Systkinareit í Reykholti, legg á ráð um

Snorrargarð og útvega plöntur, Ytrafell á Felleströnd, og fjölda annarra starfa í þágu skógræktarinnar, og öll aukastörf eru frá minni hálfu endurgjaldslaus.

Helztu ferðalög voru: Til Reykjavíkur á fundi og annarra erinda. 18. og 19. maí var ég á skógræktarfundum í Stykkishólmi, flutti erindi um skógrækt og sýndi myndir.

5. júlí við skógrækt á Ytrafelli, Dalasýslu.

25. júlí. Fór í Dalasýslu að athuga girðinguna í Hvammi.

11. ág. fór ég sem leiðsögumaður með skógræktardeildinni Ösp um Snæfellsnes.

19. ágúst fór ég með sænskan frófessor, Lundkvist, vestur í Dalasýslu þeirra erinda að athuga birkikjarrið hjá Glerárskógum.

24. ágúst var ég við girðinguna í Hvammi í Dölum.

Þá fór ég margar ferðir víða um Borgarfjarðarhálandið, og eru störf mín mikið bundin við framkvæmdir í Norðtunguskógi og víðar.

Skógræktarstjóri kom til mín í Skorradal í ágúst, og ávaldi í tvo daga, og var mér það mjög kærkomið.

Haukur Ragnarsson, skógfræðingur, vann við útplöntun í Skorradal í ágúst, og annast þar tilraunareiti. Snorri Sigurðsson, skógfr. mældi og merkti alla gróðursetningareiti á Stálpastöðum, og var slíkt hið þarfasta verk, enda þrjúðilega af hendi leyst.

Í vor vann Guðmundur Pálsson í Norðtunguskógi, en hvað frá störfum í maílok.

Þá fékk ég til aðstoðar Auðólf Gunnarsson, er var mín önnur hönd við skógræktarstarfið í sumar. Er það öruggur og góður starfsmaður og fær ég honum beztu þakkir.

Nú sem fyrr háir það mjög starfsemi skógræktarinnar á þessum slóðum, hve stuttur tíminn er sem fólk er ráðið til vinnu. Af því leiðir að taka verður allt sem býðst þegar þörfin er mest, og er slíkt vandnaði, auk þess skapar þetta öryggisleysi um góð vinnuafköst og

vel gert verk.

Fjárhagsörðugleikar virðast mér svo miklir að hér hefði ég orðið að segja upp öllu fólki vinnu í júlímán. ef Skógræktarfélag. Borgarfjarðar hefði ekki getað bjargað Skógrækt ríkisins með vinnu fyrir 5 menn í nær mánaðertíma, þegar minnst var að gera hér hjá skógræktinni.

Að endingu þakka ég skógræktarstjóra og starfsfólki skógræktar-
skrifstofunnar, góða fyrirgreiðslu og gott samstarf á liðnu ári.

Megi skógræktinni í landinu ganga allt að óskum á árinu 1958.

31. des. 1957
Skógarvörðunin í Vesturlandi
Dauðið Þorsteinsson